

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 369/1987. **Sigurður Lárusson**

(Svala Thorlacius hrl.)

gegn

**Guðrúnu Ólu Pétursdóttur**

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Hjón. Búskipti. Endurgjaldskrafa. Réttarfar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 2. desember s.á. Hann gerir þær kröfur, „að andvirði bifreiðarinnar G 6668, Toyota Tercel, árgerð 1981, kr. 200.000,00, komi til skipta í búi málsaðila“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða henni málskostnað að skaðlausu fyrir Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt, nú 12%.

Áfrýjandi gerir sömu efniskröfur fyrir Hæstarétti og hann gerði fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar. Þar fyrir dómi voru aðilar sammála um, að bifreiðin væri 200.000,00 króna virði. Í greinargerð til skiptaréttarins sagði þáverandi lögmaður áfrýjanda m.a.: „...er á því byggt, að sóknaraðili (þ.e. stefnda fyrir Hæstarétti) hafi heimildarlaust ráðstafað bifreið úr félagsbúi þeirra hjóna án þess að endurgjald hafi komið fyrir...Gerir varnaraðili því við skipti félagsbúsins endurgjaldskröfu að þessu leyti úr hendi sóknaraðila, sbr. 52. gr. laga nr. 20 frá 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna“. Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, byggði lögmaður áfrýjanda einnig á þessu lagaákvæði við flutning málsins í héraði. Fyrir Hæstarétti vísaði hann einnig til lagaákvæðisins, bæði í greinargerð og við munnlegan flutning. Ber því, þrátt fyrir orðalag kröfu áfrýjanda, að taka afstöðu til þess, hvort við opinber skipti á eignum aðila beri áfrýjanda endurgjald á grundvelli margnefnds ákvæðis. Skiptarétturinn mátti leysa úr þessum ágreiningi, og úr-

skurður hans sætir áfrýjun eftir 21. gr., 1. mgr. 2 b, laga um Hæstarétt Íslands, nr. 75/1973.

Bifreiðin G 6668 var, eins og segir í skiptaréttarúrskurðinum, keypt fyrir fé Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Síðan greiddi vélsmiðjan rekstrarkostnaðinn og í hennar þágu var bifreiðin notuð að mestu leyti. Smiðjan er í eigu föður stefndu, og starfaði stefnda þar. Þrátt fyrir tilkynningu 5. júlí 1985 um sölu þriðja manns á bifreiðinni til stefndu og skráningu samkvæmt því þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að bifreiðin hafi orðið eign stefndu fyrir örlætisgerning eða með öðrum hætti.

Af þessu leiðir, að staðfesta ber þá niðurstöðu skiptaréttar, að áfrýjandi eigi ekki endurgjaldsrétt á grundvelli 52. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda úrskurðar og fella niður málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurður Lárusson, á ekki, vegna ráðstöfunar á bifreiðinni G 6668, rétt til endurgjalds eftir 52. gr. laga nr. 20/1923 við opinber skipti á eigum hans og stefndu, Guðrúnar Ólu Pétursdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 1. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 1. júní, er í skiptarétti Hafnarfjarðar kveðinn upp úrskurður þessi í skiptaréttarmálinu nr. 629/1987: Guðrún Óla Pétursdóttir gegn Sigurði Lárussyni.

Hjónin Guðrún Óla Pétursdóttir, nnr. 3291-0858, Breiðvangi 59, Hafnarfirði, og Sigurður Lárusson, nnr. 7883-5842, lögheimili Breiðvangi 59, Hafnarfirði, en dvalarstaður Hagafliót 3, Garðakaupstað, slitu samvistir í júlíbyrjun 1986.

Beiðni um opinber skipti á félagsbúi þeirra barst skiptarétti Hafnarfjarðar 10. mars 1987, eftir að valdsmaður hafði fjallað um beiðni þeirra um lögskilnað. Opinber skiptameðferð á búinu hófst 23. mars 1987. Þegar í því pinghaldi var ljóst, að ágreiningur var með aðilum um, hvort skiptin skyldu ná til bifreiðarinnar G 6668, Toyota Tercel, árg. 1981. Samkomulag varð síðar með aðilum um, að um ágreining þennan yrði fjallað í sérstöku

skiptaréttarmáli. Skiptaréttarmál þetta var þingfest 6. apríl 1987, og lagði lögmaður sóknaraðila, Guðrúnar Ólu Pétursdóttur, þá fram greinargerð um ágreininginn, og lögmaður varnaraðila lagði fram greinargerð í þinghaldi 13. apríl. Aðalflutningur málsins fór fram í þinghaldi 8. maí. Voru þá teknar skýrslur af aðilum máls og leidd fimm vitni, og munnlegur málflutningur fór fram. Málið var þá tekið til úrskurðar.

#### *Kröfugerð.*

Sóknaraðili krefst þess, að bifreiðinni G 6668, Toyota Tercel 1981, og eða andvirði hennar verði algerlega haldið utan við hjúskapareign félagsbúsins. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Varnaraðili, Sigurður Lárusson, krefst þess, að andvirði bifreiðarinnar G 6668 komi til skipta í félagsbúi málsaðila, og sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila í þessum þætti málsins málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

#### *Málavextir.*

Málsatvik eru í stuttu máli þessi: Árið 1985 keypti sóknaraðili máls þessa umrædda bifreið. Fyrir liggur í málinu ljósrit af tilkynningu til Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 5. júlí 1985. Samkvæmt tilkynningu þessari kaupir Guðrún Óla Pétursdóttir bifreiðina af Sigurði Adolfssyni. Það er þó öldungis ágreiningslaust, að það var faðir sóknaraðila, Pétur Auðunsson, sem greiddi kaupverðið og afhenti bifreiðina dóttur sinni, sóknaraðila, án endurgjalds.

Á skattframtali hjónanna, aðila þessa máls, 1986 er bifreiðin talin fram sem eign. Hinn 2. maí 1986 er aftur tilkynnt til lögreglustjórans í Hafnarfirði um sölu á bifreiðinni. Guðrún Óla Pétursdóttir selur þá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar bifreiðina G 6668. Tilkynningu þessa undirritar Guðrún Óla Pétursdóttir sem seljandi, og hún undirritar einnig f.h. kaupanda, Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Ekkert gjald kom fyrir bifreiðina við þessi eigendaskipti.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Lögmaður sóknaraðila færir þessi rök fyrir kröfugerð sinni: Sóknaraðili hafi um langt árabil starfað við fyrirtæki föður síns, Vélsmiðju Péturs Auðunssonar. Honum hafi verið nauðsyn á að nota bifreið við starfa sinn, og hafi hann notað bifreið fyrirtækisins eftir því sem þurfa þótti. Oft hafi þó komið fyrir að aðrir starfsmenn fyrirtækisins hafi þurft að nota sömu bifreið. Hafi þetta komið sér illa fyrir sóknaraðila og fyrir fyrirtækið. Því hafi það orðið að ráði að fyrirtækið keypti sérstaka bifreið fyrir sóknaraðila sem yrði skráð á hans nafn, enda þótt fyrirtækið ætti bifreiðina í

raun og sæi um allan rekstur og viðhald hennar. Ástæðuna fyrir því, að bifreiðin var í maí 1986 aftur færð yfir á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, telur sóknaraðili vera þá, að til hafi staðið af hálfu fyrirtækisins að kaupa jeppa, sem hafi verið nokkuð dýr, og hafi verið ætlunin að selja bifreiðina G 6668 upp í þennan jeppa. Af þessum kaupum hafi reyndar ekki orðið. Sóknaraðili heldur því fram, að bifreiðin G 6668 hafi aldrei í raun verið eign búsins, búið hafi aldrei greitt andvirði bifreiðarinnar né borið af henni nokkurn kostnað. Þá bendir sóknaraðili á að bifreiðin hafi verið umskráð yfir á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar 2. maí 1986, en það hafi ekki verið fyrr en tveimur mánuðum síðar, sem til skilnaðar aðila kom, eða 2.-3. júlí 1986. Af þessum ástæðum telur sóknaraðili að halda eigi bifreiðinni G 6668 utan við skiptin. Í munnlegum málflutningi mótmælti lögmaður sóknaraðila því sérstaklega, að 52. gr. laga nr. 20/1923 ætti við í þessu máli. Hann mótmælti því einnig að bifreiðin hefði verið afhent sóknaraðila til kvaðalausrar eignar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að Pétur Auðunsson hafi árið 1985 fært dóttur sinni, Guðrúnu Ólu Pétursdóttur, sóknaraðila þessa máls, umrædda bifreið, G 6668, til eignar og afnota. Bifreiðin hafi þá orðið hjúskapareign sóknaraðila og tilheyrandi félagsbúi málsaðila. Þessu til stuðnings bendir hann á að sóknaraðili hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar og að bifreiðin hafi verið talin hjónunum til eignar á skattframtali 1986. Þá er því haldið fram að með sölu á bifreiðinni 2. maí 1986 hafi verið um að ræða undanskot sóknaraðila á eign félagsbúsins og ástæðan hafi verið yfirvofandi óhjákvæmilegur skilnaður hjónanna, aðila þessa máls. Bent er á, að 1. maí 1986 hafi varnaraðili farið af heimili sínu og til Þýskalands. Varnaraðili telur því engu skipta þótt sóknaraðili hafi ekki keypt umrædda bifreið í eiginlegum skilningi og afhent um leið peninga eða fjármuni á móti. Sóknaraðili hafi fengið bifreiðina afhenta til kvaðalausrar eignar, en rekstur hennar hafi verið kostaður af vinnuveitanda hans. Byggt er á því af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi heimildarlaust ráðstafað umræddri bifreið úr félagsbúi hjónanna án þess að endurgjald hafi komið fyrir. Í munnlegum málflutningi skýrði lögmaður varnaraðila þessa máls-ástæðu á þann veg, að konan, sóknaraðili, hefði að vísu mátt selja bílinn, en ekki án endurgjalds, þannig að búinu yrði til tjóns. Með framangreindum rökum gerir varnaraðili kröfu til endurgjalds úr hendi sóknaraðila samkv. 52. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna.

#### *Álit réttarins.*

Af gögnum máls og framburði vitna er sannað að Pétur Auðunsson eða fyrirtæki hans, Vélsmiðja Péturs Auðunssonar, keypti bifreiðina, sem nú ber númer G 6668, handa dóttur sinni, sóknaraðila þessa máls. Afhenti

nefndur Pétur sóknaraðila bifreiðina til eignar og umráða. Framburður vitna leiddi í ljós að Kristján Ármannsson, sem var verkstjóri hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar þegar þetta gerðist, hafði milligöngu um kaupin. Eigendaskiptin voru tilkynnt Bifreiðaeftirlitinu 5. júlí 1985. Sóknaraðili var formlega skráður eigandi bifreiðarinnar. Jafnframt var bifreiðin skráð á skattframtal aðila málsins 1986. Bifreiðin var hjúskapareign sóknaraðila.

Af framburði vitna má telja sannað að hvað sem formlegri eignarheimild leið, þá hafi sá verið tilgangur bæði Péturs Auðunssonar og sóknaraðila að hinn síðarnefndi notaði bifreiðina í vinnu sinni hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, en hefði hana jafnframt til eigin nota. Hér þykir ekki eiga að skipta máli hver verið hefur tilgangur sóknaraðila með eigendaskiptunum 2. maí 1986. Óumdeilt er að ekkert gjald kom fyrir bifreiðina úr félagsbúinu, þegar sóknaraðili eignaðist hana um mitt ár 1986. Enn fremur er ágreiningslaust að Vélsmiðja Péturs Auðunssonar greiddi allan kostnað af rekstri og viðhaldi bifreiðarinnar. Þá er og upplýst að ekki kom leiga fyrir notkun bifreiðarinnar í þágu Vélsmiðju Péturs Auðunssonar, meðan bifreiðin var skráð á nafn sóknaraðila, og eigi heldur kom gjald fyrir bifreiðina, þegar hún var yfirfærð á nafn Vélsmiðju Péturs Auðunssonar 2. maí 1986.

Telja verður sannað með skýrslum aðila og af framburði vitna, að sóknaraðili hafi alla þá tíð, sem hér um ræðir, notað bifreiðina í eigin þágu, en einnig við vinnu sína hjá Vélsmiðju Péturs Auðunssonar.

Með tilliti til ofanritaðs þykir sú ráðstöfun sóknaraðila að afhenda bifreiðina G 6668 Vélsmiðju Péturs Auðunssonar til formlegrar eignar 2. maí 1986 engan veginn fela í sér háttsemi sem fallið gæti undir 52. gr. laga nr. 20/1923. Ber því að verða við kröfu sóknaraðila.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af skiptaréttarmáli þessu.

Bjarni Ásgeirsson hdl. flutti málið fyrir sóknaraðila og Hlöðver Kjartansson hdl. af hálfu varnaraðila.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bifreiðin G 6668 kemur ekki til skipta á félagsbúi Guðrúnar Ólu Pétursdóttur, nnr. 3291-0858, og Sigurðar Lárussonar, nnr. 7883-5842.

Hvor aðili beri sinn kostnað af skiptaréttarmáli þessu.